

REYKJAVÍKURBORG
DESEMBER 2021

Deild náttúru og garða ásamt Ræktunarstöð

Greining með aðferðafræði kynjaðrar fjárhags-
og starfsáætlunar



Umhverfis- og skipulagssvið

Nafn fagsviðs/skrifstofu: Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Nafn ábyrgðaraðila: Ólöf Örvarsdóttir sviðsstjóri

Greiningaraðilar/teymi: Anna Guðmunda Andrésdóttir, Hreinn Ólafsson, Gunnar Hersveinn Sigursteinsson og Þórólfur Jónsson

Áætlaður kostnaður og tekjur v. þjónustubáttar skv. nýjustu fjárhagsáætlun:

Kostn.st	Heiti	Tegund	Fjárhagsáætlun 2021
U5600	Náttúra og garðar	Laun og launatengd gjöld	27.776.250
U5600	Náttúra og garðar	Annar rekstrarkostnaður	4.205.000
U5600	Náttúra og garðar		31.981.250

Kostn.st	Heiti	Tegund	Fjárhagsáætlun 2021
U5610	Reykjanesfólksvangur	Annar rekstrarkostnaður	4.400.000
U5610	Reykjanesfólksvangur		4.400.000

Kostn.st	Heiti	Tegund	Fjárhagsáætlun 2021
U5630	Heiðmörk	Annar rekstrarkostnaður	45.174.120
U5630	Heiðmörk		45.174.120

Kostn.st	Heiti	Tegund	Fjárhagsáætlun 2021
U5640	Umhverfi og útivist	Annar rekstrarkostnaður	17.000.000
U5640	Umhverfi og útivist		17.000.000

Kostn.st	Heiti	Tegund	Fjárhagsáætlun 2021
U9600	Ræktunarstöð, Garðyrkjudeild	Tekjur	-30.000.000
U9600	Ræktunarstöð, Garðyrkjudeild	Laun og launatengd gjöld	73.290.341
U9600	Ræktunarstöð, Garðyrkjudeild	Annar rekstrarkostnaður	37.765.909
U9600	Ræktunarstöð, Garðyrkjudeild		81.056.250

Skipulag og verkefni innan þjónustupáttarins:

- Græn svæði og útivistarsvæði
- Leiksvæði

Einnig voru undir þessari greiningu Ræktunarstöðin, en þau eru staðsett í skipuriti undir deild náttúru og garða.

Starfsfólk og vinnuaðstaða

2 starfsmenn starfa að jafnaði í málaflokknum sem er til greiningar, 1 kona og 1 karlmaður. Um skrifstofuvinnu er að ræða. Hjá Ræktunarstöðinni starfa 7 fastráðnir starfsmenn og yfir sumartímann eru ráðnir að jafnaði 6 sumarstarfsmenn. Af fastráðnu starfsfólki árið 2021 voru 2 karlmenn og 5 konur. Leitast er við að hafa kynjahlutföll sem jöfnust við ráðningu sumarstarfsfólks.

Umfjöllun um verkefni

Deild náttúru og garða undirbýr stefnumótun og ber ábyrgð á gerð forathuganna og forsagna varðandi græn svæði, gróður og leiksvæði. Deildin sinnir náttúruvernd, undirbýr stefnumótun og framkvæmd stefnu um líffræðilegan fjölbreytileika. Undir deildina heyra meindýravarnir borgarinnar, Grasagarður Reykjavíkur, Ræktunarstöð og Vinnuskóli. Grasagarður, meindýravarnir og Vinnuskólinn hefur áður farið í KFS greiningu og verða þær þrjár einingar því undanskyldar greiningunni hér fyrir neðan.

Græn svæði og útivistarsvæði

Deild náttúru og garða hefur ákvörðunarvald varðandi framkvæmdir og ákvarðanatöku á grænum svæðum og útivistarsvæðum. Hún vinnur forsagnir fyrir framkvæmdir og koma þar einnig að skipulagsvinnu í samráði við skipulagsfulltrúa og samgöngustjóra. Í verkefninu „græna netið“ var markmiðið að búa til grænar æðar um alla borgina til að tengja saman græn svæði. Var meginhlutverk þeirra vinnu að gera græn svæði sem mest aðgengileg öllum. Þá var öll borgin skoðuð með tilliti til þarfa og í framhaldinu voru lögð til mismunandi verkefni um alla borg. Rýnt var sérstaklega hvar tengingar vantaði, en oft voru það stuttar vegalengdir sem þurfti að bæta með stíg eða gróðri til að ná að tengja saman. Stór græn svæði voru tengd með auknum gróðri og bættu aðgengi á milli þeirra. Önnur markmið með þessu verkefni var að auka líffræðilega fjölbreytni og fjölga búsvæðum fugla, bæta upplifun þeirra sem fara á milli grænna svæða með auknum gróðri og einnig með því að bæta stígakerfi og tengja það saman. Í þessari vinnu var ekki verið að horfa til þátta eins og íbúasamsetningu hverfanna en eingöngu eftir framkvæmdaþörf til að ná að tengja grænu svæðin saman. Mismunandi nálgun er á hönnun útivistar – og grænna svæða eftir því hvers forsendan fyrir gerð þeirra er. Annars vegar getur það verið til að vernda náttúruna og lífríkið eða að meginforsendan sé að útbúa svæði fyrir fólk. Þegar verið er að vinna útivistarsvæði fyrir fólk þá er sérstaklega verið að skoða aðgengi, en það ásamt lýsingu á svæðinu er lykilforsenda í hönnun útivistarsvæða. Unnið er eftir leiðbeiningum og gátlistum frá Vegagerðinni „*Hönnun fyrir alla, algild*

*hönnun utandyra*¹. Þeim leiðbeiningum er ætlað að kynna helstu þætti sem þarf að hafa í huga þegar svæði utandyra eru hönnuð svo þau nýtist sem flestum.

Leiksvæði

Deild náttúru og garða kemur að forgangsriðun og hönnun vegna endurgerðar á eldri leiksvæðum borgarinnar ásamt undirbúningi á nýjum leiksvæðum. Deildin hefur unnið að úttekt á eldri leiksvæðum borgarinnar og forgangsraðað til að halda við verst fögnu svæðunum en á sama tíma reyna að gæta jafnræðis innan hverfa. Í mörgum tilfellum er það því þannig að leiksvæði innan hverfa eru byggð á sama tíma og því kemur viðhaldspörf gjarnan á sama tíma og því erfiðara að gæta jafnræðis með kostnað og viðhalds milli hverfa. Bæði við endurgerð og uppbyggingu nýrra leiksvæða er stuðst við *Leiksvæðastefnu Reykjavíkurborgar* sem gefin var út 2013². Borgarstjórn skipaði stýrihóp um leiksvæðastefnu árið 2010 og með honum starfaði þverfaglegt teymi sérfræðinga innan borgarinnar ásamt því að farið var í vettvangskannanir og óskað var viðbragða hverfisráða við megináherslum leiksvæðastefnu. Helstu lykilþættir stefnunnar var að móta áherslur til framtíðar um hlutverk og uppbyggingu ólíkra leiksvæða í borginni og hvernig þau dreifast um borgina, og að horfa til öryggismála leiksvæða á vegum borgarinnar og hvernig þau verði best tryggð. Leiksvæðin eiga að henta mismunandi aldri og hugað skal að góðu aðgengi fyrir alla. Einnig leggur stefnan áherslu á að hugað sé að aðkomu og tengingu við stígakerfi borgarinnar sem ætti að stuðla til aukinnar notkunar á svæðinu. Einnig er hér unnið eftir leiðbeiningum og gátlistum frá Vegagerðinni „*Hönnun fyrir alla, algild hönnun utandyra*“³ og hafa gömul leiksvæði verið uppfærð samkvæmt þeim leiðbeiningum hvað varðar aðgengi allra að leiksvæðum. Lögð er áhersla á fjölbreytt leiktæki sem henta sem flestum, en að lágmarki að aðgengi að leiktækinu sé fyrir alla. Í aðalskipulagi Reykjavíkurborgar segir að aðkoma fjölbreyttra hópa þegar kemur að ákvarðanatöku og stefnumótun sé mikilvæg sem og aðgangur fjölbreyttra hópa að borginni. Vísað er í mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar þar sem m.a. kemur fram að allir borgarbúar eigi að geta notið þeirra lífsgæða sem felast í heilnæmu og aðgengilegu umhverfi, fá upplýsingar um og koma að ákvörðunum sem varða umhverfi þeirra. Ávallt skuli huga að ólíkri stöðu kynja og áhrifum margþættar mismununar. Samkvæmt rannsóknum þá nýta drengir sér leiksvæði og græn svæði frekar en stúlkur á aldrinum 9-12 ára. Einnig eftir 13 ára aldur þá hverfa enn fleiri stelpur af leiksvæðum á meðan drengir halda áfram að nýta þá mun lengur. Margar ástæður eru upptaldar fyrir því en helst má nefna skortur á öryggistilfinningu ásamt því að leiksvæðið var frekar hannað til að henta leikjum drengja. Má þar nefna stóra boltavelli þar sem strákar velja frekar að vera í stærri hópum en stelpur á þessum aldri⁴. Ekki er okkur vitað til að sambærilegar rannsóknir hafi verið gerðar hér sem hægt er að styðjast við um nýtingu milli drengja og stúlkna á leiksvæðum Reykjavíkurborgar, en það má álykta að þessi staða sé sú sama hérna. Þrátt fyrir að mannréttindastefna Reykjavíkurborgar segi að borgarbúar eigi að fá upplýsingar um eða koma að

1

[https://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/honnun_f_alla_algid_honnun/\\$file/H%C3%B6nnun_fyrir_alla_Algild_h%C3%B6nnun_utandyra_Handb%C3%B3k%20\(ID%20103788\).pdf](https://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/honnun_f_alla_algid_honnun/$file/H%C3%B6nnun_fyrir_alla_Algild_h%C3%B6nnun_utandyra_Handb%C3%B3k%20(ID%20103788).pdf)

2 https://reykjavik.is/sites/default/files/skrifstofur_radhuss/skrifstofaborgarstjora/Stefnur/20120322-leiksvaedastefna.pdf

3

[https://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/honnun_f_alla_algid_honnun/\\$file/H%C3%B6nnun_fyrir_alla_Algild_h%C3%B6nnun_utandyra_Handb%C3%B3k%20\(ID%20103788\).pdf](https://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/honnun_f_alla_algid_honnun/$file/H%C3%B6nnun_fyrir_alla_Algild_h%C3%B6nnun_utandyra_Handb%C3%B3k%20(ID%20103788).pdf)

4 <http://www.wpsprague.com/research-1/2017/1/6/more-girls-to-parks-case-study-of-einsiedler-park-viennamilota-sidorova>

ákvörðunum sem varða umhverfi þeirra þá hefur ekkert samráð verið við íbúa né notendur þeirra leiksvæða sem hafa verið uppfærð á síðustu árum. Einnig hefur íbúasamsetning hverfa ekki verið höfð sérstaklega til hliðsjónar hvorki þegar kemur að nýjum leiksvæðum né eldri leiksvæðum sem hafa verið endurnýjuð á seinustu árum. Ef markmið Reykjavíkurborgar er að fá fleiri til að nota leiksvæði innan borgarinnar þá er mikilvægt að kortleggja notendur, bæði núverandi og hvaða notendur eru það sem eru ekki að nýta sér leiksvæðin en eru samt hluti af þeim sem ættu að nýta sér þessi svæði. Eftir að búið er að kortleggja notendur þá gæti borgin notast við mismunandi samráðshópa innan skóla og frístundaheimila ásamt dagforeldrum og foreldrahópum en einnig innan hópa eldra fólks sem oft nýtir sér þessi svæði á ferðum sinni um hverfið.

Ræktunarstöðin

Í Ræktunarstöðinni starfa 7 fastráðnir starfsmenn og yfir sumartímann eru ráðnir að jafnaði 6 sumarstarfsmenn. Af fastráðnu starfsfólki árið 2021 voru 2 karlmenn og 5 kvenmenn. Leitast er við að hafa kynjahlutföll sem jöfnust við ráðningu sumarstarfsfólks. Vinnutími garðyrkjufræðinga er að öllu jöfnu fastur frá klukkan 7.30 til 15.25 og er sérstakt álag greitt fyrir fyrsta háltímann skv. kjarasamning þeirra. Annað starfsfólk er með sveigjanlegan vinnutíma þó að öllu jöfnu sé leitast við að hefja vinnu eins snemma og auðið er. Hamli fjölskylduaðstæður garðyrkjufræðingum því að vera með áðurnefndan vinnutíma hefur verið komið til móts við viðkomandi með því að breyta vinnufyrirkomulagi í sveigjanlegan vinnutíma. Hingað til hefur þetta haft í för með sér kjaraskerðingu, og í þeim tilvikum sem þetta hefur komið upp í Ræktunarmiðstöðinni hefur um unga foreldra verið að ræða. Vinnutíminn samræmist illa fjölskyldustefnu Reykjavíkurborgar og einnig hafa rannsóknir sýnt fram á mun milli kynja er kemur að heimilisábyrgð.

Aðgerðir

Starfshópurinn leggur til eftirfarandi aðgerðir:

- 1) Leiksvæðastefna Reykjavíkurborgar verði endurskoðuð og uppfærð.
 - a. Farið verið yfir hvað þarf að hafa í huga við hönnun á leiksvæðum út frá kynja og jafnréttissjónarmiða. Sambærilegir gátlistar út frá kynja- og jafnréttissjónarmiðum líkt og eru til staðar fyrir öryggissjónarmið.
 - b. Kortlagning af leiksvæðum Reykjavíkur skoðuð út frá íbúasamsetningu og skoðað hverjir eru að nýta sér leiksvæðin.
- 2) Kortlagning notenda á grænum svæðum borgarinnar og útivistarsvæðum, hverjir eru í meirihluta notenda þeirra.
- 3) Óskað verður eftir meiri þátttöku Íbúaráða til að auka samráð við notendur og fá þannig fjölbreyttari aðkomu að ákvarðanatöku og uppbyggingu á leiksvæðum, grænum svæðum og útivistarsvæðum.
- 4) Hvað varðar starfsemi Ræktunarmiðstöðvarinnar þá mætti rýna betur vinnutíma starfsfólks með aðferðafræði KFS og yrði það þá gert samhliða öðrum starfstöðvum Umhverfis- og skipulagssviðs sem einnig hafa þennan vinnutíma. Vinnutíminn samræmist illa fjölskyldustefnu Reykjavíkurborgar og einnig hafa rannsóknir sýnt fram á mun milli kynja er kemur að heimilisábyrgð. Ekki eru lagðar til frekari aðgerðir vegna stöðu þjónustupáttarinnar frá sjónarhóli kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlanagerðar

Eftirlit og mat

Skýrsla þessi skal kynnt fyrir stýrihópi KFS, sviðstjóra USK og skipulags- og samgönguráði & umhverfis og heilbrigðisráði. 12 mánuðum eftir skil þessarar skýrslu fylgi starfshópurinn því eftir með fyrirspurn til ábyrgðaraðila hvernig tekist hafi til með aðgerðir þær sem lagðar hafi verið til. Niðurstöður þeirrar könnunar skulu kynntar sviðstjóra.